

## Svar

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stuðning við frjáls félagasamtök.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvernig hefur stuðningi iðnaðarráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 1998–2001? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.*

Styrkveitingar til frjálsra félagasamtaka geta fallið innan verksviða þriggja aðila sem heyra undir ábyrgð iðnaðarráðuneytisins. Þeir eru Átak til atvinnusköpunar, Byggðastofnun og Kísilgúrsjóður.

Átak til atvinnusköpunar er umfangsmesta stuðningsverkefnið sem rekið er á vegum iðnaðarráðuneytisins, en það hefur verið starfrækt frá árinu 1996. Ítarlega var gerð grein fyrir starfsemi þess árin 1996–99 á 126. löggjafarþingi í svari við fyrirspurn frá Svanfríði Jónasdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur, sjá þskj. 180 í 69. máli. Þá var gerð grein fyrir störfum þess árin 1998–2000 í svari við fyrirspurn frá Margréti Frímannsdóttur á þskj. 248 í 81. máli 127. löggjafarþings. Í sama svari var einnig gerð grein fyrir styrkveitingum Byggðastofnunar og Kísilgúrsjóðs til atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar á árunum 1998–2000.

Engum frjálsum félagasamtökum var veittur beinn styrkur af Átaki til atvinnusköpunar árin 1998–2001. Aftur á móti var Félagi kvenna í atvinnurekstri veittur stuðningur með vinnuframlagi starfsmanns Impru sem er þjónustumiðstöð fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Áætlað er að vinnuframlagið megi meta að jafnvirði um 785 þús. kr. á árinu 2000 og um 643 þús. kr. á árinu 2001. Félag kvenna í atvinnurekstri var stofnað að undirlagi iðnaðarráðherra til að efla þátttöku kvenna í nýsköpun atvinnulífsins. Starfsemi Impru var á árunum 2000 og 2001 fjármögnuð af fjárlagaliðum 11-201 1.01 (Iðntæknistofnun) og 11-299 1.48 (Átak til atvinnusköpunar).

Byggðastofnun hefur veitt styrki sem frjáls félagasamtök geta sótt um. Málefni Byggðastofnunar voru færð undir iðnaðarráðuneytið í upphafi ársins 2000 en voru áður á verksviði forsætisráðuneytis. Engu að síður eru í svari þessu veittar upplýsingar um styrkveitingar Byggðastofnunar til frjálsra félagasamtaka á árunum 1998 og 1999 þótt málaflokkurinn hafi ekki heyrt undir iðnaðarráðuneytið á þeim tíma.

Styrkveitingar Byggðastofnunar til frjálsra félagasamtaka árin 1998–2001 námu alls 12.000.000 kr. sem fóru til 25 verkefna. Skrá yfir styrkþega, verkefni, úthlutunarár og styrkuppþæðir er að finna í töflu 1. Styrkveitingar Byggðastofnunar eru teknar af fjárlagalið 11-411 1.10 (Byggðastofnun).

**Tafla 1. Styrkir veittir af almennu rekstrarfé Bygðastofnunar til frjálsra félagasamtaka 1998–2001.**

Nafn	Vegna	Samþykkt	Upphæð (þús kr.)	Ábyrgðarmaður
Héradsobygg	kaupa á raðsáningavél og kompreskivél	10.02.1998	1.000	
Skógræktarfélag Rangæinga	lagfæringa á umhverfi Þverár og fiskræktar handverks húss	24.03.1998	500	
Handverkshópurinn Bolli	handverks húss	24.03.1998	400	
Handverkshópurinn Úa	undirbúnings að minjasafni á Flateyri	24.03.1998	200	
Önfríngafélagið í Reykjavík	brúnað og markaðssetningar á handverki varðveislunnar	24.03.1998	200	
Steinar og Málmur	kaupa á kompreskivél	03.11.1998	800	
Samtök um varðveislunnar Seilavallalaugar	silðarminjasafns	28.05.1999	500	
Komræktarfélagið AX	sýningar um náttúruferðir og Kötluveg	28.05.1999	500	
Félag áhugamanna um minjasafn	Kynningarverkefni	28.05.1999	200	
Meningarfélag um Brydebuð	afþreyingarverkefna	28.05.1999	200	
Fjalla-Eyvindur og Halla, áhugahópur	göngukorts og merkingar gönguleiða	28.05.1999	200	
Kvenfélag Sauðárkróks	sumarkvöldin í Neðstakaupstöð	28.05.1999	200	
Ferðafélag fjárorðanna Austfirðinga	ferðabjónusta	28.05.1999	200	
Sumarmenning á Ísafirði	sýninga á "Tófráflautunni"	15.06.1999	500	
Snæfellsássamfélagið	framkvæmda við menningarsetur	02.05.2000	2.000	
Operustúdíó Austurlands	galdrasýninga á Ströndum	02.05.2000	1.000	
Önfríngafélagið í Reykjavík	sýninga á óperum	02.05.2000	700	
Strandagaldur ses	framkvæmda við menningarsetur	03.07.2001	1.000	Björn Ingi Bjarnason
Operustúdíó Austurlands	sýninga á óperum	03.07.2001	500	Wendell Keith Reed
Áhugahópur um menningarfjölbreytni á Vestfirðum	þjóðhátíðar Vestfirðinga	03.07.2001	250	Magnús Ó. Hansson
Félag Ferðamálafulltrúa	ráðstefnuferðar til Evrópu	13.09.2001	150	Auróra Guðrún Fríðriksdóttir
Kvenfélag Sauðárkróks	afþreyingarverkefna	05.10.2001	200	Þóra Björk Þórhallsdóttir
Rauði Krossinn á Austurlandi	Þjóðhátíðar Austfirðinga	05.10.2001	200	Albert Eiríksson
			<b>12.000</b>	

*Kísilgúrsjóður* var stofnaður með lögum nr. 80/1966, um Kísilgúrverksmiðju við Mývatn, í þeim tilgangi að kosta undirbúning aðgerða til þess að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar. Nánar er kveðið á um Kísilgúrsjóð í reglugerð nr. 476/2001. Þar segir m.a. að tekjur sjóðsins séu 20% af námagjaldi Kísiliðjunnar fram til ársloka 2001 en vaxi þá í 68% af námagjaldinu.

Styrkveitingar úr Kísilgúrsjóði til frjálsra félagasamtaka 1998–2001 námu alls 1.150.000 kr. sem fóru til fjögurra verkefna. Skrá yfir styrkþega, verkefni, úthlutunarár og styrk-  
upphæðir er að finna í töflu 2. Kísilgúrsjóður fékk ekki fé af fjárlögum á árunum 1998–2001.

**Tafla 2. Styrkir Kísilgúrsjóðs til frjálsra félagasamtaka 1998–2001.**

Ár	Styrkþegi	Verkefni	Upphæð	Ábyrgðarmaður
<i>1998</i>				
	Menningarsjóður þingeyskra kvenna	Til útgáfustarfsemi	100.000	Hólmfríður Pétursdóttir, Reykjahlíð
<i>1999</i>				
	Dyngjan handverkshópur	Til húsaupa	500.000	Þórunn Einarsdóttir, Baldurs- heimi 1, Mývatnssveit
<i>2000</i>				
	Ferðafélag Akureyrar	Bygging snyrtihúss við Dreka	250.000	Ingvar Teitsson, Akureyri
	Kaðlín, handverkshópur, Húsavík	Lagfæringar á húsnaði	300.000	Rannveig Benediktsdóttir, Húsavík
<i>2001</i>				
Enginn styrkur til frjálsra félagasamtaka				